



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
101 Reykjavík

28. nóvember 2020

Efni: Umsögn W.O.M.E.N samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgengi einstaklinga sem ferðast til Íslands að þungunarrofi. Þingskjal 257, 239. mál, 151. löggjafarþing.

W.O.M.E.N. samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi styður þessa tillögu til þingsályktunar sem ályktar að fela heilbrigðisráðherra að tryggja það að einstaklingar, sem ekki mega gangast undir þungunarrof í sínu heimalandi vegna hindrana og ferðast hingað til lands í því skyni að gangast undir þungunarrof, fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Við viljum sérstaklega styðja þessa tillögu vegna mikla fjölda pólskra kvenna af erlendum uppruna sem nú eru búsettar hér á Íslandi. Margar af konunum sem við höfum rætt við hér eru mjög í uppnámi vegna sviptingar réttinda í heimalandi sínu. Við stöndum með þeim í áfalli þeirra og áhyggjum.

Við teljum að mikilvægt er að ræða opinskát um okkar sérstöðu þar sem Ísland er þekkt fyrir að taka djarfa frumkvæði þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Við teljum mikilvægt að þora að skapa fordæmi gagnvart harðstjórn og sýna alvöru samstöðu með konum í löndum sem standa frammi fyrir árás á réttindi þeirra almennt en sérstaklega þegar um er að ræða kynjajafnrétti og heilsu kvenna svo sem sjálfsákvörðunarrétti.

Ríkisborgarar Íslands og annarra EES landa eiga rétt á að fá evrópskt sjúkratryggingakort, og samkvæmt EES samningurinn „ríkisborgarar eins aðildarríkis njóta jafnræðis í öðru aðildarríki á við ríkisborgara þess ríkis.“ Hér eigum við rétt á öruggan aðgang að heilbrigðisþjónustu er varðar heilsu kvenna þar með talið þungunarrof. EES reglurnar taka til allra bóta og greiðslna almannatrygginga, og þar er sérstaklega skilgreint; heilbrigðisþjónustu, heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsvist, almenn læknishjálpt utan sjúkrahúsa, rannsóknir og meðferð sérgreinalækna, lyf, ferða- og flutningskostnaður, hjúkrun í heimahúsum, hjálpartæki, þjálfun og fleira. Á Íslandi er heilbrigðisþjónusta tengd heilsu kvenna, þar með talið þungunarrof ekki talin sem sérþjónusta sem útfyrir ofan taldir skilgreiningu á þjónustu sem sjúkratryggingakort veitir EES borgarum aðganga.

Heldur eitthvað sem við höfum fullkomin réttindi og aðgang að. Við tókum undir með flutningsmönnum og konum þessa tillaga um að þar sem einungis tvö lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins, Malta og Pólland, uppfylla skilyrðið sem lagt er til í þingsályktunartillögu, er ekki talið að þetta hafi íþyngjandi afleiðingar fyrir ríkissjóð.

Í staðinn teljum við að mannréttindi og jafnréttisgildi fordæmisins sem við myndum setja hérlandis með slíkri stefnu vegi þyngra en efnahagslegar afleiðingar.



Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi tökum undir félagar okkar í Kvenréttindafélag Íslands og hvetjum Alþingi til að samþykkja þessa þingsályktunartillögu til að auðvelda erlendum ríkisborgurum að fara í þungunarrof hér á landi og styðja kynfrelsi kvenna og sjálfsákvörðunarrétt þeirra yfir eigin líkama og þar með kvenréttindi á alþjóðavettvangi.

F.h. samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Nichole Leigh Mosty

Nichole Leigh Mosty, forkona

